

Þriðjudaginn 09. ágúst 2022 var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 13a/2022

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

1. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd dagsett 27. maí 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að X hafi gerst brotlegt við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með að para Minature Schnauzer rakka A án þess að niðurstöður DNA próf fyrir PRA-B lægu fyrir. Kæran var send X til umsagnar með bréfi dagsettu 07. maí 2022 og X gefinn frestur til að andmæla til 05. júlí 2022. X svaraði ekki innan andmæla tíma. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 23. september 2021 hafi komið ljós að Minature Schnauzer rakki A var ekki með niðurstöður úr DNA prófi fyrir PRA-B við pörun, en skv. grundvallarreglum félagsmanna þurfa þær að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og vera með tilskilin vottorð um heilsufarsskoðun fyrir pörun. Í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið enskur Miniature Schnauzer:

MINIATURE SCHNAUZER:

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. DNA prófa skal vegna PRA-B. Lágmarksaldur við pörun er 20 mánuðir

Samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lág ekki fyrir og telst X því vera brotlegt við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

#### IV. Niðurstaða

X telst hafa gerst brotlegt við grein 2. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

X er áminntur öðru sinni.

f.h. siðanefndar

---

Arnheiður Runólfsdóttir

---

Brynja Kristín Magnúsdóttir

---

Selma Olsen